

19. júlí 1988. Miðvikudaginn 6. júlí 1988.
 Nr. 192/1988. Vélsmiðjan Faxi hf. og
 Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga
 á Suðurlandi
 gegn
 Skemmtigarðinum hf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Brynjar Nielsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar hafa með heimild í 1. tl. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. júní sl. Þeir krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður, sem er án forsendna sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, er þannig: „Skemmtigarðinum h.f. nafnúmer 8164-5906, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði frá uppkvaðningu þessa úrskurðar að telja.“

Af gögnum málsins má sjá að varnaraðili hefur átt í verulegum fjárhagsörðugleikum undanfarin misseri. Hann telur greiðslustöðvun nauðsynlega til þess að hægt sé að reka fyrirtækið (skemmtigarðinn) í sumar, en tekjuöflun þess fari fram yfir sumartímann, 3 - 4 mánuði á ári. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti telur hann eignir sínar vera þessar:

„1) Húseignin Grænumörk 1B, Hveragerði	
— brunabótamat	kr. 19.664.000,-
2) Vélar og tæki — tryggingarmat	kr. 41.901.000,-
3) Viðskiptavild („aðstaða“ er kannski réttara orð)	kr. 10.000.000,-
4) Innborgað inn á leigusamninga	kr. 8.170.000,-
Samtals	kr. 79.735.000,-“

Í sama skjali telur hann skuldir sínar „ekki þekktar með nokkurri nákvæmni ...“ og augljóst virðist að þær séu „það miklar að óhjá-

kvæmilegt sé að leita samninga við kröfuhafa um lækkun skulda og um breytingu á greiðslukjörum“. Með beiðni um greiðslustöðvun lagði hann fram skrá yfir skuldirnar miðað við 30. september 1987 og nema þær samkvæmt henni tæpum 75 milljónum króna. Þá hefur varnaraðili lagt fram tölvuútskrift af rekstrarreikningi til bráðabirgða fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 30. september s.á., en án afskrifta eigna og án raunverulegs fjármagnskostnaðar sýnir hann hagnað að fjárhæð 4.299.512,97 krónur.

Sóknaraðili bendir á, að allar skuldir varnaraðila séu gjaldfallnar. Auk þess séu þær, þegar tekið sé tillit til vanskilavaxta og nýrra upplýsinga um þær, stórlega vantaldar. Hann telur að nær lagi sé að áætla þær um 120 milljónir króna. Þá telur hann eignir varnaraðila ofmetnar. Ekki sé raunhæft að miða við tryggingaverðmæti þeirra. Bendir hann meðal annars á, að markaðsverð fasteigna í Hveragerði sé um það bil 60% af brunabótaverði þeirra. Þannig sé verðmæti húseignar félagsins ofreiknað um margar milljónir króna. Lausafé varnaraðila sé einnig stórlega ofmetið. Hann telur ósennilegt að raunverð eigna varnaraðila sé yfir 30 milljónir króna á frjálsum markaði. Samkvæmt því nemi skuldir hans umfram eignir að minnsta kosti 90 milljónum króna og sé hann því ógjaldfær og gjaldþrota. Hann hafi heldur ekki bent á neinar leiðir til að leysa þessi vandræði.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram ársreikning fyrir árið 1987. Upplýsingum hans um skuldastöðuna er mjög áfátt. Greinargerð um eignir hans er ófullnægjandi og mat á verðmæti þeirra lítt rökstutt. Ekki er bent á líkleg úrræði til lausnar fjárhagsvandann. Þegar allt framangreint er virt, verður ekki talið að varnaraðili hafi leitt að því nægar líkur, að hann geti komið nýrri skipan á fjármál sín, þótt hann fái greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Skortir því skilyrði til að staðfesta hinn kærða úrskurð og verður hann felldur úr gildi.

Eftir þessum málalokum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum 12.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Varnaraðili, Skemmtigarðurinn hf., greiði sóknaraðilum, Vélsmiðjunni Faxe hf. og Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Suðurlandi, samtals 12.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.